

Steinunn Kristjánsdóttir
Vala Gunnarsdóttir
Helga Jónsdóttir

Kortlagning klaustra á Íslandi

Möðruvellir



Reykjavík 2016

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
MÖÐRUVELLIR	3
KÖNNUNARSKURÐIR 2016.....	4
NÍÐURSTÖÐUR	7
HEIMILDASKRÁ	8
VIÐAUKAR	9
1. FUNDASKRÁ	9
2. JARÐLAGASKRÁR.....	10
3. TEIKNINGAR	11
4. LJÓSMYNDASKRÁ	13
5. KORT AF MIÐALDAKLAUSTRUNUM	17

© Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir 2016
Kortlagning klaustra á Íslandi: Möðruvellir
Vettvangsskýrsla XX

Reykjavík: höfundar

Forsíðumyndin: Hleðsla í botni könnunarskurðar 1 á Möðruvöllum vorið 2016 (ljósm. Helga Jónsdóttir).

Inngangur

Sumarið 2013 hófst vinna við fornleifarannsókn sem miðar að því að skrá minjar um klaustrin fjórtán sem rekin voru á Íslandi á kaþólskum tíma (1000–1550). Ætlunin er að greina ástæður stofnunar hvers klausturs fyrir sig, kanna rekstrargrundvöll þeirra og sögu en ekki síst að finna nýjar vísbendingar um gerð þeirra, hlutverk og innra starf með aðferðum fornleifafræðinnar. Stóra markmiðið er síðan að skoða áhrif klaustranna og umsvif í íslensku miðaldasamfélagi. Rannsóknin er gerð fyrir fjárframlög frá Rannsóknasjóði Íslands og Rannsóknasjóði HÍ.

Sumarið 2015 voru teknir könnunarskurðir á Möðruvöllum en ákveðið var að kanna möguleg klausturstæði þar enn betur árið 2016. Farið var í vettvangferð að Möðruvöllum og um leið að Munkaþverá vikuna 23.–27. maí. Í ferðinni voru starfsmennirnir fjórir auk Steinunnar Kristjánsdóttur verkefnisstjóra. Það voru Baldur Gauti Gunnarsson, Helga Jónsdóttir, Scott Riddell og Vala Gunnarsdóttir. Þar sáu starfsmenn um töku könnunarskurða, ljósmyndun og skráningu gagna. Helga og Vala eru fornleifafræðingar en Baldur er meistaranemi í miðaldafræði og er Riddell doktorsnemi í umhverfisfræði. Í skýrslunni er fjallað um fyrstu niðurstöður þessarar könnunar. Vísað er til skýrslna um niðurstöður sértækra greininga til frekari upplýsinga. Höfundar vilja þakka Sigríði Birgisdóttur, Þóroddi Sveinssyni, sr. Oddi Bjarna Þorkelssyni presti á Möðruvöllum og Róberti Jósavingssyni, sem nýtir tún þar, fyrir veitta aðstoð. Loks er Kristjáni Þorvaldssyni hjá Garðverki á Akureyri þakkað fyrir vandaða gröfuvinnu á vettvangi.

Möðruvellir

Munkaklaustrið á Möðruvöllum í Hörgárdal var stofnað árið 1296. Var það priorsklaustur af reglu Ágústínusar en Hólabiskup var ábóti þess. Var það rekið til siðaskiptaáranna en því var formlega lokað árið 1547 (Janus Jónsson 1887, bls. 256 og 263).

Ekki er vitað hvenær kirkja var fyrst reist á staðnum en Möðruvellir er orðinn kirkjustaður árið 1162. Það ár var Guðmundur góði Arason biskup fermdur þar, þá aðeins á fyrsta ári (Sturlunga saga I 1988, bls. 121). Á árunum 1302–1303 var klausturkirkja reist á staðnum. Klaustrið brann ásamt kirkju til kaldra kola árið 1316 en var endurreist árið 1326 með liðstyrk frá systurklaustrinu í Helgisetri í Noregi eftir miklar deilur á milli bræðranna og biskups (Kristinn Magnússon 2007, bls. 191). Núverandi kirkja var byggð árið 1867 en fyrri kirkja brann árið 1865 (Bruni á Möðruvöllum 1902, bls. 70). Óljóst er hvor hún standi á

grunni klausturkirkjunnar. Nýr kirkjugarður var vígður á Möðruvöllum árið 1951 og er hann nokkru sunnan við hinn gamla.

Sumarið 2015 fóru fram fjarkannanir á vegum verkefnisins og í kjölfarið af því voru teknir fjórir könnunarskurðir. Þrír þeirra voru teknir á svæði sem mæld höfðu verið með segul- og viðnámsmælum og bentu til rasks undir yfirborði. Sá fjórði var tekinn nokkru norðan við kirkjugarðinn vegna tveggja rúnasteina sem fundust í og við kirkjugarðinn, annar árið 1817 en hinn 1933 eða 1934.

Ekki var komið niður á klausturbyggingar í þessum könnunarskurðum og eru þær því ófundnar, þrátt fyrir nokkuð víðtæka leit að rústum þess. Í skurðinum norðan kirkju fundust þó mjög þykk móöskulög. Vísað er til skýrslu rannsókna sumarið 2015 til frekari upplýsinga (Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir 2015).

Könnunarskurðir 2016

Teknir voru tveir könnunarskurðir á Möðruvöllum sumarið 2016 (mynd 1). Könnunarskurður 1 var tekinn nærri Stefánsfjosi en þar var komið niður á mikil brunalög og brennd klæði þegar verið var að grafa fyrir hlöðutótt við Stefánsfjós um 1897–1902 (Frá Möðruvöllum í Hörgárdal 1933, bls. 2). Gripum var safnað saman við gröftinn og eru til á Þjóðminjasafninu en þeir eru flestir taldir vera úr bæjarbruna á Möðruvöllum árið 1712. Á þessum stað fannst þó einnig „munkakápan“ svokallaða. Hún er talin geta verið úr rústum klaustursins en er þó líklegast einnig úr brunanum árið 1712. Í tímaritinu Lögbergi er að finna skemmtilega lýsingu á því er vinnumenn komu niður á þessar brunarústir. Lýsingin er á þann veg að þeir koma niður á brunarústir með ýmsum gripum, t.d. eirkatli. Svo heldur frásögnin áfram:

„En er lengra sóttist gröfturinn, og dýpra var grafið, fundust leifar af grófum klæðnaði, og hafði mest brunnið til ösku. Var auðséð á því, hvernig pjötlur þessar lágu, að fötin, sem þarna höfðu brunnið, höfðu legið samanbrotnar, er brunann bar að. Þá komu fram tilgátur um, að hér væri fengin bending um, að hittst hefði á brúnarúst klaustursins, og hér væru leifar úr fatakistum munnkanna á Möðruvöllum. Fataleifar þessar fundust í jaðri hlöðutóftarinnar, og þótti líklegt, að meira hefði fundist af því tagi ef gröfin hefði verið víðari“.

(Frá Möðruvöllum í Hörgárdal 1933, bls. 2).

Vestan við Stefánsfjós eru einnig miklir öskuhaugar sem hafa áður verið rannsakaðir og fundust þar t.d. lög frá miðöldum og seinni tíð (Harrison & Roberts 2006, bls. 2–3). Vegna þessa var ákveðið að taka könnunarskurð þarna nærri og reyna um leið að aldursgreina rústirnar á svæðinu. Einnig átti að athuga hvort að brunalögin væru fleiri en eitt, því eins og

fyrir segir brann klaustrið á 14. öld og gæti því brunalag frá þeim tíma verið vísbending um staðsetningu klaustursins.



Mynd 1: Staðsetning könnunarskurða á Möðruvöllum 2016. Kort: Vala Gunnarsdóttir.

Þann 25. maí var könnunarskurður 1 opnaður með gröfu. Var hann 2 x 1 m á stærð og lá í A-V. Mikið malarlag tók við og var það greinilega aðflutt á staðinn. Ofarlega fannst glært brennt rúðugler í lagi með miklum koluðum við. Engin bein voru í laginu til aldursgreininga en sýni af brenndum við voru tekin. Nokkru neðar virtist annað brennt lag en lítið af beinum fundust í því (sjá snið á mynd 2).

Á um 130 cm dýpi sást steinhleðsla og torf. Steinhleðslan og torfið fékk númerið J7. Var það grafið fram, ljósmyndað og teiknað. Gjóskusýni var tekið úr torfinu en engin gjóskulög fundust óhreyfð yfir rústunum. Greining sýnisins sýndi að um hvíta Heklugjósku var um að ræða, líklega 1104 (Magnús Á. Sigurgeirsson 2016, bls. 1).

Í jarðlagi 7 var ekki mikið um gripi til að segja til um notkun byggingarinnar en þar fannst þó vikurmoli og unninn viður sem líkist mjög broti af bókaspjaldi. Gætu gripir þessir verið möguleg vísbending um klausturstarfsemi. Leðurskósóli fannst einnig í jarðlagi 7 í norður prófíl skurðarins, n.t.t. við hleðsluna, en hann var fastur á milli tveggja flatra steina í sniðinu. Fleiri flatir steinar voru í sniðinu og gætu þeir hafa verið af stétt utan við bygginguna.

Ekki var talið nauðsynlegt að fjarlægja hleðsluna vegna þess að hún lá á óhreyfðum jarðvegi. Steinarnir voru einnig mjög stórir og erfitt hefði reynst að ná þeim úr skurðinum. Grafið var niður í syðri endanum til að sjá botn torfhleðslunnar. Þar kom í ljós dökkt lag sem gæti verið gólflag en það líktist þó nokkuð gjóskulagi. Tekið var sýni úr því og var um að ræða mjög fína, illa aðgreinda ösku með súrum kornum í bland, líklega frá Heklu (Magnús Á. Sigurgeirsson 2016, bls. 1). Ekki var unnt að segja til um aldur þess. Einnig var þar annað lag



Mynd 2: Vestursnið könnunarskurðar 1.
Ljósmynd: Helga Jónsdóttir.

þar sem líklega er forsöguleg gjóska úr Heklu (H3) (Magnús Á. Sigurgeirsson 2016, bls. 2). Ekki sást landnámslagið í skurðinum, né önnur gjóskulög, hvorki yfir eða undir rústunum.

Líkt og fyrr getur var lítið af beinum til að senda til aldursgreininga en tvö sýni voru send til að fá viðmið um aldur minjanna. Ákveðið að senda kolaðan við (sýni 2016-10-8) úr jarðlagi 3 sem var efra brunalag, en engin dýrabein fundust í laginu. Þetta lag var við uppgröft talið vera úr bæjarbruna sem varð á 18. öld. Niðurstöður aldursgreiningarinnar var tímabilið AD 1645–1685, AD 1735–1805 og AD 1930–Post 1950 (leiðréttur aldur, Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir 2016, bls. 7 og 20–22). Er því talið nokkuð líklegt að þetta lag sé úr bæjarbrunum.

Hitt sýnið frá Möðruvöllum var brennt bein (2016-10-10) úr jarðlagi 5 eða neðra brunalagi. Neðan við þetta lag var torf og stóru hleðslusteinarnir. Niðurstöður sýna að beinið er frá tímabilinu AD 1465–1645 (leiðréttur aldur, Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir 2016, bls. 7, og 20–22). Vitað er að klaustrið ásamt kirkju brann árið 1316 og var ekki endurbyggt fyrr en tíu árum seinna (Janus Jónsson 1887, bls. 256 og 263). Það virðist því ekki sem að jarðlag 5 sýni klausturbrunann, en rústin með stóra hleðslugrjótinu virðist þó vera frá klausturtíma og gæti e.t.v. hafa verið endurbyggt þar. Saga Möðruvalla er mjög eldfim og eru skráðir fjölmargir brunar þar. Árið 1184 brann bær á Möðruvöllum (Storm, G. 1888, bls. 254). Árið 1712 varð annar mikill bæjarbruni en þá brunnu öll hús til grunna nema kirkjan. Amtmannssetrið brann síðan árið 1826 og komst þá eldur í tvö önnur hús. Minni eldsvoðar urðu árin 1846, 1849, 1858 og 1867, allir í bænum og svarðarhúsi sunnan og vestan við bæinn

(Þorvaldur Thoroddsen 1913–15, bls. 25). Árið 1865 brann svo kirkjan til grunna. Nýja amtmannssetrið, Friðriksgáfa, brann einnig aftur árið 1874. Árið 1880 var skóli byggður í amtmannsseturstóftunum en hann brann árið 1902 (Ólafur Davíðsson 1902, bls. 106, Orri Vésteinsson 2001, bls. 17 og 27). Prestssetrið brann árið 1937 og kot á Nunnuhóli sama ár (Íbúðarhúsið á Möðruvöllum í Hörgárdal brann í gær 1937, bls. 1). Að auki gætu hafa orðið fleiri brunar þar sem ekki hafa verið skráðir.

Könnunarskurður 2 var tekinn nærri kirkjugarðsveggnum norðan megin við kirkju (sjá mynd 1). Þar nærri höfðu tvívegis fundist rúnasteinar en annar þeirra er talinn vera frá klausturtíma (Björn M. Olsen 1899, bls. 22; Einar Bjarnason 1972, bls. 65) Þá höfðu mannabein fundist á svipuðum slóðum þegar grafið var fyrir skólplögn frá bústjórahúsi skömmu eftir 1980 (Orri Vésteinsson 2001, bls 19). Að auki virtist sem misfellur lægju í hálfhring út frá kirkjugarðinum, líkt og að þar hafi verið veggjahleðslur. Vitað er að hestarétt var áður tengd við kirkjugarðsvegginn að norðanverðu en með því að taka könnunarskurð þarna var ætlunin að kanna hvort eldri veggur hafi þar verið notaður fyrir rétt.

Skurðurinn var 1,5 x 1 m á stærð og lá í A-V, grafinn með vélgröfu. Grafan kom strax niður á mikið malarlag og mold sem virtist vera aðflutt. Á um 100–110cm dýpi kom í ljós moldarlag og röskuð mannabein, t.d. lærleggur og handabein. Einnig sáust viðarleifar í sniðinu að vestan verðu sem kunna að hafa verið úr kistu. Sýni var tekið af viðnum (2016-10-15). Engin skýr grafarfylling né skurður var sýnilegur, enda voru beinin ekki í neinu innbyrðis samhengi. Fyrir neðan moldarlagið sem beinin fundust í tók við jökulruðningurinn sem finnst um allt í jörðu á Möðruvöllum.

Niðurstöður

Grafnir voru tveir könnunarskurðir á Möðruvöllum. Í könnunarskurði 1, sem grafinn var við Stefánsfjós, var komið niður á brunalög en vitað er að klaustrið ásamt kirkju brann snemma á 14. öld. Kolefnisaldursgreining virðist benda til bæjarbrunans árið 1712 og eldri bruna, en þó líklega ekki klausturbrunans. Á Möðruvöllum hafa orðið fjölmargir aðrir brunar og ekki er víst að þeir hafi allir verið skráðir. Rústirnar sem grafið var niður á í könnunarskurðinum virðast þó vera frá klausturtíð, en ljóst er frá gjóskulagi í torfi að byggingin hefur verið byggð eftir árið 1104 og verið komin úr notkun á 15.–17. öld. Ekki fundust gripir í rústunum sem varpa ljósi á notkun byggingarinnar en líttill vikurmoli ásamt unnum við sem virðist vera af bókaspjaldi gætu þó hugsanlega verið úr klausturstarfsemi. Ekki er þó unnt að segja til um hvort að klausturrústir séu fundnar eða ekki.

Heimildaskrá

Björn M. Olsen (1899) Smávegis. II Rúnasteinar. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1899*, bls. 19–28.

„Bruni á Möðruvöllum“ (1902, 2. maí 1902). *Þjóðólfur*, bls. 70.

Einar Bjarnason (1972). Rúnasteinar og mannfræði. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1971*. 68. árgangur, bls. 46–78. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

„Frá Möðruvöllum í Hörgárdal“ (1933). *Lögberg* 4. tölublað, 26.01.1933, bls. 2.

Harrison, R. & Roberts, H. M. (2006). *The midden at Möðruvellir 2006. Preliminary excavation report*. FS 338-06381. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Íbúðarhúsið á Möðruvöllum í Hörgárdal brann í gær (1939, 21. október). *Alþýðublaðið*, bls. 1.

Janus Jónsson (1887). Um klaustrin á Íslandi. *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, bls. 174–265.

Kristinn Magnússon (2007). Möðruvallakirkja, Kirkjustaður. Í Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson (ritstj.), *Kirkjur Íslands. Friðaðar kirkjur í Eyjafjarðarprófastdæmi I*, 9. bindi, bls. 245–282. Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag.

Magnús Á. Sigurgeirsson (2016). *Klausturrannsóknir 2016. Gjóskulagagreining*. Sótt af slóðinni: https://notendur.hi.is/~sjk/GOS_2016.pdf

Orri Vésteinsson (2001). *Möðruvellir í Hörgárdal. Fornleifakönnun*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ólafur Davíðsson (1902). „Möðruvallaskóli brunninn“. *Norðurland* 1. árgangur, 27. tölublað, bls. 105–106.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2015). *Kortlagning klaustra á Íslandi*. Möðruvellir. Skýrsla XI. Reykjavík: höfundar. Sótt af slóðinni: https://notendur.hi.is/~sjk/MOD_2015.pdf

Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2016). *Kortlagning klaustra á Íslandi: Greinargerð um niðurstöður kolefnisaldursgreininga II*. Vettvangsskýrsla XXII. https://notendur.hi.is/~sjk/KOL_II.pdf

Storm, G. (1888). *Islandske annaler indtil 1578. 2. útgáfa.*: Det norske historiske kildeskrift-fond, Stavanger.

Sturlunga saga (1988). Örnólfur Thorsson (ritstj.). Reykjavík: Svart á hvítu.

Þorvaldur Thoroddsen (1913–15). *Ferðabók. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882–1898 I–IV*. Reykjavík.

Viðaukar

1. Fundaskrá

Dags.	Nr.	Fundur	Efni	Svæði	J -lag	Skráð af	Ath.
25.5.2016	2016-10-1	Vikur	vikur	TP1	J7	VG	neðst v hleðslu
25.5.2016	2016-10-2	Unninn viður	viður	TP1	J7	VG	unninn viður m 2-3 götum fannst milli hleðslusteina í botni- bókasjald?
25.5.2016	2016-10-3	Gjóskusýni	gjóska	TP1	J7	VG	ljós gjóska í torfi á milli hleðslusteina í botni
25.5.2016	2016-10-4	dýrabein	bein	TP1	J7	VG	á milli eða undir hleðslu í botni
25.5.2016	2016-10-5	Skór	leður	TP1	J7	VG	fastur á milli steina neðarlega í N-sniði í botni, hvít teiknibóla á mynd
25.5.2016	2016-10-6	Steinn	steinn	TP1	J7	VG	rauður steinn í hleðslu í botni
25.5.2016	2016-10-7	Kvistur	viður	TP1	J7	VG	í hleðslu í botni
25.5.2016	2016-10-8	Viður kolaður	viður	TP1	J3	VG	úr V-sniði, etv, unninn í J-3 efra brunalagi- senda í kolefnisaldursgr.
25.5.2016	2016-10-9	Brunninn viður	viður	TP1	J5	VG	Neðra brunalag
25.5.2016	2016-10-10	Brennt bein	bein	TP1	J5	VG	úr neðra brunalagi, teiknibóla á mynd í miðju sniði.
25.5.2016	2016-10-11	Gjóskusýni	gjóska	TP1	J8	VG	dökkt lag undir J7, hugsanlega gólflag, á ca 140cm dýpi
25.5.2016	2016-10-12	Gjóskusýni	gjóska	TP1	J9	VG	Gulleit gjóska, H3? Undir dökka gjóskulaginu, undir torfi J7, á ca 150cm dýpi
25.5.2016	2016-10-13	Mannabein	bein	TP2	í lausu	SK	samansafn af beinum, voru úr samhengi og illa farin
25.5.2016	2016-10-14	Viður		TP1		SK	úr stoðarholu
25.5.2016	2016-10-15	Viður	Viður	TP2	Úr prófíl	SK	Hugsanlega úr kistu
25.5.2016	2016-10-16	Dýrabein	bein	TP2	í lausu	SK	Var í bland við mannabeinin í TP2

2. Jarðlagaskrár

STAÐUR: Möðruvellir

VERKEFNISNÚMÉR: 2016-10

LEYFISNÚMÉR: 2015050055

Teiknilag	Jarðlag	Lýsing	Þykkt cm	Sýni	Dags.
	J1	Yfirborðslag, grasrót+ aðflutt mól	30		25.5.2016
	J2	Moldarlag	10-25		25.5.2016
	J3	Torflag, blandað mold, brunaleifar, stórir bitar af koluðum við	25	2016-10-8	25.5.2016
	J4	Torf, með rauðum og gráum flekkum	15		25.5.2016
	J5	Brunalag	5	2016-10-9	25.5.2016
	J6	Torf með gjóskuflyksum, blandað	15		25.5.2016
T1	J7	Torf, með stórum hleðslusteinum	40	Gjóskusýni	25.5.2016
	J8	Dökkt lag undir torfi- gólflag eða gjóska? Óljóst. Sást í prufuholu, í prufuskurði	5	2016-10-11	25.5.2016
	J9	Óhreyfð gulleit gjóska, líklega H3. Sást í prufuholu, í prufuskurði		2016-10-12	25.5.2016

STAÐUR: Möðruvellir


VERKEFNISNÚMÉR: 2016-10

LEYFISNÚMÉR: 2015050055


Teiknilag	Jarðlag	Lýsing	Þykkt cm	Sýni	Dags.
	J1	Yfirborðslag			25.5.2016
	J2	Malarlag- aðflutt?			25.5.2016
	J3	Raskað moldarlag, mannabein		Mannabein	25.5.2016
	J4	Jökulruðningur			25.5.2016

3. Teikningar


Möðruvellir
T_2016-10-1
Könnunarskurður 1
Flatarteikning - Teiknilag 1



Möðruvellir
T_2016-10-2
Könnunarskurður 1
Vestursnið



Möðruvellir
T_2016-10-3
Könnunarskurður 1
Norðursnið



4. Ljósmyndaskrá

Ljósmyndaskrá

Rannsóknastaður Möðruvellir

Leyfisnúmer 201505-0055

Safnnúmer 2016-10

Leyfisnúmer	Heiti	Dagsetning	Myndefni, stutt lýsing	Átt	Ljósmyndar	Athugasemdir
2015050055	Möðruvellir_20160523_HJ_01	23.5.2016	Svæði bak við Stefánsfjós	V	HJ	Scott, Steinunn, Vala, Baldur
2015050055	Möðruvellir_20160523_HJ_02	23.5.2016	Svæði bak við Stefánsfjós	N	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_03	25.5.2016	Kristján mætir á gröfunni	Au	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_04	25.5.2016	Grafa tekur yfirborðslag TP1	N	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_05	25.5.2016	Grafa tekur yfirborðslag TP1	S	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_06	25.5.2016	Grafa tekur yfirborðslag TP1	S	HJ	Steinunn
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_07	25.5.2016	TP1 Vala grefur í botni	S	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_08	25.5.2016	TP1 Vala grefur í botni	N	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_09	25.5.2016	TP1 skór sem fannst á 130 cm		HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_10	25.5.2016	TP1 skór sem fannst á 130 cm		HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_11	25.5.2016	TP1 snið í norður	N	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_12	25.5.2016	TP1 snið í norður	N	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_13	25.5.2016	TP1 snið í norður	N	HJ	hvítur pinni-skór fannst
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_14	25.5.2016	TP1 snið í norður	N	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_15	25.5.2016	TP1 snið í norður	N	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_16	25.5.2016	TP1 snið í norður	NA	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_17	25.5.2016	TP1 snið í norður	NA	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_18	25.5.2016	TP1 snið í vestur	V	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_19	25.5.2016	TP1 snið í vestur	V	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_20	25.5.2016	TP1 snið í vestur	V	HJ	

2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_21	25.5.2016	TP1 snið í vestur	V	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_22	25.5.2016	TP1 snið í vestur	V	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_23	25.5.2016	TP1 snið í vestur	V	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_24	25.5.2016	svört mynd		HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_25	25.5.2016	TP1 botn m hleðslu	V	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_26	25.5.2016	TP1 botn m hleðslu í SA horni	N	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_27	25.5.2016	svört mynd		HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_28	25.5.2016	TP1 horft í vestur	V	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_29	25.5.2016	TP1 horft í vestur	V	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_30	25.5.2016	TP1 horft í austur	Au	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_HJ_31	25.5.2016	TP1 horft ofan á botn	Au	HJ	
2015050055	Möðruvellir_20160525_VG_3 2	25.5.2016	TP1 Helga að teikna	SV	VG	
2015050055	Möðruvellir_20160525_VG_3 3	25.5.2016	TP1 Helga að teikna	SV	VG	
2015050055	Möðruvellir_20160525_VG_3 4	25.5.2016	TP1 Helga að teikna	SV	VG	
2015050055	Möðruvellir_20160525_VG_3 5	25.5.2016	TP1 hola í botni í austurenda	SA	VG	
2015050055	Möðruvellir_20160525_VG_3 6	25.5.2016	TP1 hola í botni í austurenda	SA	VG	
2015050055	Möðruvellir_20160525_VG_3 7	25.5.2016	TP1 hola í botni í austurenda	SA	VG	
2015050055	Möðruvellir_20160525_VG_3 8	25.5.2016	Kristján lokar TP1	N	VG	
2015050055	Möðruvellir_20160525_VG_3 9	25.5.2016	TP2 norðan v Möðruvallakirkju	SV	VG	
2015050055	Möðruvellir_20160525_VG_4 0	25.5.2016	TP2 norðan v Möðruvallakirkju	SV	VG	Baldur og Helga
2015050055	Möðruvellir_20160525_VG_4 1	25.5.2016	TP2 norðan v Möðruvallakirkju	SV	VG	Grafan kemur

2015050055	Möðruvellir_20160525_VG_4 2	25.5.2016	TP2 norðan v Möðruvallakirkju	SV	VG	
2015050055	Möðruvellir_20160525_VG_4 3	25.5.2016	TP2 norðan v Möðruvallakirkju	NV	VG	
2015050055	Möðruvellir_20160525_VG_4 4	25.5.2016	TP2 grafan moka	NV	VG	
2015050055	Möðruvellir_20160525_VG_4 5	25.5.2016	TP2 Steinunn tekur bein úr fyllingu	NV	VG	
2015050055	Möðruvellir_20160525_VG_4 6	25.5.2016	TP2 Steinunn tekur bein úr fyllingu	NV	VG	
2015050055	Möðruvellir_20160525_VG_4 7	25.5.2016	TP2 ca. 115-120 cm djúpur	Au	VG	
2015050055	Möðruvellir_20160525_VG_4 8	25.5.2016	TP2 ca. 115-120 cm djúpur	Au	VG	
2015050055	Möðruvellir_20160525_VG_4 9	25.5.2016	TP2 Steinunn og Helga	Au	VG	
2015050055	2016-10-1_20160607_HJ_1	7.6.2016	Brennt dýrabein		HJ	
2015050055	2016-10-1_20160607_HJ_2	7.6.2016	Brennt dýrabein		HJ	
2015050055	2016-10-2_20160607_HJ_3	7.6.2016	Unninn viður		HJ	
2015050055	2016-10-2_20160607_HJ_4	7.6.2016	Unninn viður		HJ	
2015050055	2016-10-2_20160607_HJ_5	7.6.2016	Unninn viður		HJ	
2015050055	2016-10-4_20160607_HJ_6	7.6.2016	dýrabein		HJ	
2015050055	2016-10-4_20160607_HJ_7	7.6.2016	dýrabein		HJ	
2015050055	2016-10-5_20160607_HJ_8	7.6.2016	Skór		HJ	
2015050055	2016-10-5_20160607_HJ_9	7.6.2016	Skór		HJ	

2015050055	2016-10-5_20160607_HJ_10	7.6.2016	Skór		HJ	
2015050055	2016-10-6_20160607_HJ_11	7.6.2016	Steinn		HJ	
2015050055	2016-10-6_20160607_HJ_12	7.6.2016	Steinn		HJ	
2015050055	2016-10-7_20160607_HJ_13	7.6.2016	Kvistur		HJ	
2015050055	2016-10-7_20160607_HJ_14	7.6.2016	Kvistur		HJ	
2015050055	2016-10-8_20160607_HJ_15	7.6.2016	Viður kolaður		HJ	
2015050055	2016-10-9_20160607_HJ_16	7.6.2016	Brunninn viður		HJ	
2015050055	2016-10-10_20160607_HJ_17	7.6.2016	Brennt bein		HJ	
2015050055	2016-10-13_20160607_HJ_18	7.6.2016	Mannabein		HJ	
2015050055	2016-10-14_20160607_HJ_19	7.6.2016	Viður		HJ	
2015050055	2016-10-14_20160607_HJ_20	7.6.2016	Viður		HJ	

5. Kort af miðaldaklaustrunum

